

Föstudaginn 2. október 1942.

Nr. 77/1942. **Magnús Thorlacius f. h. firmans Bentley í Manchester** (Magnús Thorlacius)

gegn

Db. Markúsar Einarssonar (Enginn).

Skuldarmál. Aðgerðarleysisverkun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Af varnaraðilja hálfu hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, er standi í vegi fyrir staðfestingarkröfu áfrýjanda, þykir mega taka hana til greina.

Af hálfu Markúsar Einarssonar, sem nú er látinn, hafði máli þessu verið áfrýjað til breytingar, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og þykir hann því hafa haft nokkra ástæðu til að bera málið undir hæstarétt. Þykir því rétt að dæma varnaraðilja til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn staðfestist.

Stefndi, db. Markúsar Einarssonar, greiði áfrýjanda, Magnúsi Thorlacius f. h. firmans Bentley í Manchester, kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. marz s. l., af hrm. Magnúsi Thorlacius hér i bæ f. h. firmans Bentley i Manchester á Englandi gegn Markúsi Einarssyni umboðssala hér i bæ til greiðslu skuldar fyrir útteknar vörur, að fjárhæð £ 716—1—2, með 6% ársvöxtum frá 12. september 1941 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Í rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfuna um £ 21—16—6, eða i £ 694—4—8.

Stefndur krefst lækkunar á kröfum stefnanda um kr. 8338,22. Enn fremur hefur hann krafizt lækkunar vaxta.

Fjárhæð sú, er aðilja greinir á um i máli þessu, eru umboðslaun af vörum, er stefndur telur sig hafa selt nafngreindum stórkaupmanni hér i bænum sem söluumboðsmaður stefnanda. Eftir gögn um málsins virðist svo, sem kaupmaður þessi hafi keypt umræddar vörur af stefnanda fyrir milligöngu stefnds, en með símskeyti 5. nóvember 1941 krafðist kaupmaðurinn þess, að stefnandi léti hann fá afslátt sem umboðslaununum nemi, en að hann greiddi stefndum hins vegar engin umboðslaun. Þetta sýnist stefnandi hafa fallizt á, og kveðst hann samstundis hafa tilkynnt stefndum þetta með símskeyti. Neitar stefndur að hafa fengið það skeyti, en kveðst fyrst hafa fengið tilkynningu um þetta i janúar 1942. Kveðst hann síðan hafa mótmælt þessu i febrúar 1942, en það er ósannað gegn mótmælum stefnanda, og liggja ekki fyrir gögn um, að stefndur hafi krafizt umboðslauna fyrr en i marz 1942. Af þessu verður að telja, að stefndur hafi dregið of lengi að mótmæla umræddri ráðstöfun stefnanda, en það bar honum að gera án tafar, og verður því að taka allar kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að vextir verða aðeins dæmdir frá stefnudegi, 9. marz 1942. Málskostnaður til handa stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Markús Einarsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Thorlacius f. h. firmans Bentley i Manchester, £ 694—4—8 með 6% ársvöxtum frá 9. marz 1942 til greiðsludags og kr. 1000.00 i málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.